

	Þús. kr.
14. Fiskmat ríkisins og ferskfiskeftirlit (liður 1 03 311 og 1 03 313)	3 000
15. Síldarmat ríkisins (liður 1 03 312)	1 000
16. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (liður 1 03 322 02 og 2 03 322)	11 000
17. Fiskveiðasjóður Íslands (liður 1 03 322 05)	30 000
18. Orkustofnun og Orkusjóður (liður 1 03 401 og 402)	4 500
19. Löggæzla (liður 1 04 142)	6 800
20. Bygging fangahúsa, ríkisfangelsa og vinnuhæla (liður 1 04 146 03 og 50)	1 360
21. Framkvæmd laga um hægri umferð (liður 1 04 151)	18 400
22. Almannavarnir (liður 1 04 153)	3 000
23. Eyðing meindýra (liður 1 04 219 02)	755
24. Prestar á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku (liður 1 04 501 02 og 03)	670
25. Kostnaður við skyldusparnað (liður 1 05 301 07)	5 700
26. Kostnaður við framkvæmd orlofslaga (liður 1 05 501 09)	2 450
27. Ríkisábyrgðasjóður, framlag (liður 1 06 601 og 2 06 601)	10 000
28. Ríkisbifreiðar, framlag (liður 1 06 802)	1 000
29. Vitamál, byggingar (liður 1 07 132)	560
30. Ferðaskrifstofa ríkisins, framlag (liður 1 07 161 og 2 07 161)	896

2. gr.

Árið 1968 er ríkisstjórninni heimilt að fella niður framlög á fjárlögum til eftirtalinna framkvæmda svo sem hér segir:

	Þús. kr.
1. Menntaskólinn á Akureyri (liður 1 01 212)	6 000
2. Menntaskólinn á Laugarvatni (liður 1 01 213)	7 900
3. Menntaskólinn við Hamrahlíð (liður 1 01 214)	11 700
4. Landspítalinn (liður 1 04 202 og 2 04 202)	37 000

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að afla lánsfjár til framangreindra framkvæmda í fjárhæðum skv. 1.—4. tölulið þessarar greinar innan framkvæmda- og fjárflyunaráætlunar ríkisstjórnarinnar árið 1968.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 18 400 þús. kr. vegna framkvæmdar laga nr. 65/1966, um hægri umferð. Lánið endurgreiðist með sérstökum skatti af bifreiðum skv. 12. gr. laganna.

4. gr.

- Ákvæði 13. gr. laga nr. 49/1967 um heimild til að veita lán af geymdum fjárveitingum vegna skólamannvirkja skulu fjárlagaárið 1968 framkvæmd þannig, að samanlagðar greiðslur úr ríkissjóði, að lánum meðtöldum, skulu vera 5 millj. krónum lægri en fjárveitingar 1968 að viðbættu geymdu fé frá fyrri árum og að frádregnum fyrirframgreiðslum af fjárveitingum 1968. Við gerð þeirrar árlegu framkvæmdaáætlunar, sem skv. 4. gr. sömu laga skal fylgja tillögum til fjárveitinga 1969, þar sem röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að álitu menntamálaráðuneytisins, skal sérstaklega taka til athugunar fjárveitingar til barna- og unglingsstíggsskóla, sem ekki eru enn komnir á framkvæmdaáætlun, ef væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, komi ekki til sameining hreppa í skólahverfi. Við afgreiðslu fjárlaga 1969 skal leggja fyrir Alþingi tillögur um meðferð geymdra fjárveitinga vegna slíkra skóla.
- Við setningu reglugerðar um framkvæmd laga nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað af óbreyttri þjónustu skólanna. Skólastjórar skulu,

fyrir 15. apríl 1968 eða annan þann dag, er ráðuneytið ákveður, gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlun um kostnað ríkissjóðs skólaárið 1. september 1968 — 31. ágúst 1969. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar af menntamálaráðuneytinu í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga og reglugerðar. Eigi skal setja eða skipa kennara fyrir skólaárið 1968/69 umfram tölu fastra kennara 1967/68, fyrr en áætlun skólastjóra um kennarapörf hefur hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Í stað ákvæða um námsstjórn í lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, lögum nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, komi:

Verja skal 2 millj. króna á ári til námsstjórnar fyrir allt landið og til framkvæmdar skólakostnaðarlaga, nr. 49/1967. Skal 300 þús. kr. af þeirri fjárhæð varið til námsstjórnar í einstökum námsgreinum samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

1. Frestað er, unz Alþingi ákveður annað, framkvæmd ákvæðis laga nr. 27/1967, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um stofnun sjötta prófessorsembættis í lögfræði.
2. Frestað er, unz Alþingi ákveður annað, framkvæmd ákvæðis laga nr. 41/1966, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um að bæta við prófessorsembætti í nútíma sagnfræði.

7. gr.

1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1 mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningubókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins, og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Lagabreytingar samkvæmt þessari grein koma til framkvæmda, þegar unnt verður að sameina þessar stofnanir og embætti í húsnaði í sömu byggingu.

8. gr.

Á árunum 1968 og 1969 er ríkisstjórninni heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárlögum til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 millj. kr. í 3.5 millj. kr. og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 millj. kr. í 0.9 millj. kr.

9. gr.

Á eftir 17. gr. laga nr. 77/1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs skv. 2. tölulið 9. gr. laganna vera þriðjungur á móti 1. tölulið greinarinnar.

10. gr.

Orðin „en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar“ í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1945, um eyðing á rottum, falli niður.

11. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast án endurgreiðslu sömu fyrirgreiðslu hér eftir sem hingað til varðandi sparimerki og skyldusparnað, sbr. lög nr. 19/1965 og reglugerð nr. 116/1959, svo og afgreiðslu í sambandi við orlof, sbr. lög nr. 16/1943.

12. gr.

Annar málsliður 13. gr. laga nr. 29/1964, um ferðamál, falli niður.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan fjárlög ársins 1968 voru afgreidd á Alþingi, hafa síðari athuganir á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins leitt til þess, að ríkisstjórnin hefur talið óumflýjanlegt að beita sér fyrir sérstakri fjárhagsaðstoð við bátaútveginn og fiskvinnslustöðvar á þessu ári, er nemur rúmum 320 millj. kr. Áætlað var í tekju-áætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem fjárlagaafgreiðslan var miðuð við, að greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1968 gæti orðið um 250 millj. kr. Síðan hafa verið ákveðnar tollalækkanir, sem gert er ráð fyrir að lækki tekjur ríkissjóðs á þessu ári um 160 millj. kr. Vantar því um 230 millj. kr. til að mæta fyrirhugaðri aðstoð við sjávarútveginn.

Ákveðin hefur verið hækkun á verði tóbaks og áfengis, sem áætlað er að gefi um 40 millj. kr., en að öðru leyti felur þetta frumvarp í sér tillögur um, hversu bilið skuli brúað. Er annars vegar um að ræða hreina lækkun fjárlagaútgjalda, sem nemur um 138 millj. kr., og hins vegar er lagt til að fjármagna með lánum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar framkvæmdir við menntaskóla og ríkisspítala, er nema 62.6 millj. kr. Á síðustu árum hefur verið aflað verulegs lánsfjár til ríkisframkvæmda á þessum sviðum, en vegna fyrirsjáanlegra þrengsla á lánamarkaði þótti óumflýjanlegt að auka verulega bein fjárframlög úr ríkissjóði til opinberra framkvæmda á þessu ári. Vegna hinna nýju fjárhagserfiðleika ríkissjóðs verður þó ekki hjá því komið að freista þess að afla einnig í ár lánsfjár til þessara framkvæmda.

Um 1. gr.

Leitað er heimildar til að lækka fjárveitingar á allmörgum fjárlagaliðum um samtals 138.2 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga var eftir föngum leitast við að halda öllum rekstrarútgjöldum í lágmarki án þess þó að skerða þá þjónustu, er ríkið veitir borgurunum. Hefur því reynt ókleift að framkvæma svo mikla lækkun fjárveitinga án þess að um nokkra skerðingu þjónustu á ýmsum sviðum sé að ræða. Hefur þó tekizt í meginefnum að haga fyrirhugaðri útgjaldalækkun svo, að hvorki er haggð meginstefnu varðandi þjónustu ríkisins né að nokkru ráði dregið úr verklegum framkvæmdum.

Lagt er til að fella niður fjárveitingar til nokkurra bygginga, sem fyrirhugaðar eru, en ekki hefði verið byrjað á, þótt fjárveiting hefði staðið óbreytt. Er þar um að ræða stjórnarráðshús, safnahús og ríkisfangelsi. Þá er lagt til að lækka framlög til nýbyggingar skóla um 5 millj. kr. á þann hátt, að nota ekki nema að því marki heimild menntamálaráðuneytisins til að lána af geymdu fé. Er þannig ekki um beina skerðingu fjárveitinga til skólabygginga að ræða, heldur takmörkun á notkun lánsheimildar, og verða þó byggingaframlög mun hærri en á s. l. ári.

Lagt er til að gera allviðtækar skipulagsbreytingar á yfirstjórn skólamála og veita í ýmsum greinum strangara aðhald í framkvæmd skólakostnaðarlaga, án þess þó að draga úr kennslu. Árangur þeirra ráðstafana kemur að vísu ekki nema að nokkru fram á þessu ári, en á að geta leitt til 8.6 millj. kr. sparnaðar.

Lagt er til að lækka heildarfjárveitingu til stjórnarráðs um 2 millj. kr., lækka fjárveitingu til endurnýjunar ríkisbifreiða um 1 millj. kr. og draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna um 3 millj. kr. Er ætlunin að fækka allverulega starfsliði sendiráðanna.

Lagt er til að lækka framlag til löggæzlu á Keflavíkurflugvelli um 2 millj. kr. og til almennrar löggæzlu um 6.8 millj., er svarar til ca. 5% heildarkostnaðar við dómgæzlu og lögreglustjórn. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til lækunar útgjalda á Keflavíkurflugvelli, en ákveðin niðurstaða liggur ekki enn fyrir um það, hvernig hagað verði umræddum niðurskurði hins almenna löggæzlukostnaðar.

Lagt er til að leggja niður tvö prestsembætti og fresta skipun í tvö prófessors-embætti.

Póst- og símamálastjórnin annast ýmiss konar þjónustu við framkvæmd orlofs-laga og laga um skyldusparnað. Hefur stofnunin mikið fé til umræða í rekstri sínum af þessum sökum, og þykir því eðlilegt, að hún veiti þessa þjónustu endurgjaldslaust.

Ekki getur talizt eðlilegt að stuðla að stofnun nýbýla að sinni, og er því lagt til að lækka þau framlög í ár um 7.5 millj. kr.

Unnið er nú að endurskoðun laga um fiskmat með það í huga að draga verulega úr kostnaði. Er lagt til að lækka fjárveitingar til hinna þriggja greina fiskmatsins um 4 millj. kr.

Lagt er til að lækka framlag til aflatryggingasjóðs um 11 millj. kr., sbr. skýringu við 9. gr., og framlag til framkvæmdar laga um hægri akstur um 18.4 millj., sbr. 3. gr.

Eðlilegt þykir, að eyðing meindýra sé að öllu leyti mál sveitarfélaganna.

Með hliðsjón af því, að Almannavarnir hafa nú komið sér upp verulegum birgðum, þykir fært að lækka fjárveitingu til þeirra í ár um 3 millj. kr.

Vegna fyrirhugaðs framlags til bátaútvegsins, sem tryggir mjög bætta innheimtuaðstöðu Fiskveiðisjóðs, þykir eðlilegt að fella niður fjárlagaframlag til hans í ár. Vegna hinnar nýju aðstoðar við sjávarútveginn ætti einnig að mega gera ráð fyrir betri skilum ríkisábyrgðarlána, og þykir því fært að lækka áætlað framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr.

Ætla má, að bókasafnskaup vegna Kennaraskólans frestist, þannig að ekki þurfi að nota í ár þá 1 millj. kr. fjárveitingu, sem Kennaraskólanum var ætluð í því skyni.

Lagt er til að lækka framlög til Orkustofnunar vegna jarðborana um 2 millj. kr. og vegna virkjunarrannsókna um 2.5 millj. kr.

Fært þykir að lækka fjárveitingu til kaupa Viðeyjarstofu um 4 millj. kr., og verður þá viðgerðum á henni frestað.

Eðlilegt þykir að ætlast til þess, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé rekin hallalaust og hagnaður af verzlunarrekstri hennar geti staðið undir landkynningar-kostnaði.

Um 2. gr.

Á undanförunum árum hefur allverulegra fjárhæða verið aflað með lántökum til byggingar menntaskóla og sjúkrahúsa innan hinnar árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar. Þykir því eðlilegt, að þessar framkvæmdir fremur en aðrar séu valdar úr fjárlögum til fjármögnunar með lántökum. Verður nánar gerð grein fyrir fjáröflun til framkvæmdanna í sérstöku frumvarpi, sem bráðlega verður lagt fyrir Alþingi vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Um 3. gr.

Í lögum nr. 65/1966, um hægri handar umferð, eru ákvæði um það, að kostnaður vegna breytingarinnar yfir í hægri handar umferð skuli greiddur með sérstökum skatti af bifreiðum, er innheimtist á árunum 1967—1970. Þar sem kostnaður fellur ójafnt á ár, var fyrirsjáanlegt, að töluverðar umframgreiðslur yrðu að koma úr ríkissjóði einstök ár, sérstaklega árið 1968, enda er gert ráð fyrir 18 400 þús. kr. fjárveitingu í fjárlögum ársins 1968. Hér er leitað heimildar til lántöku í stað fjárveitingar, og er gert ráð fyrir, að lánið endurgreiðist að fullu með framlengingum sérskatti á bifreiðar og gerðar verði sérstakar ráðstafanir til framlengingar skattsins, ef kostnaður fer fram úr þeim áætlunum, er lágu til grundvallar, er upphæð skattsins var ákveðin.

Um 4. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja lækkun útgjalda frá því, sem ella hefði orðið, um 11.6 millj. kr. á heils árs grundvelli. Rekstrarútgjöld vegna skólanna 1967—1968 eru lítt breytanleg, og aðaláherzla er því lögð á vandlegan undirbúning að framkvæmd hinna nýju skólakostnaðarlaga, sem koma til framkvæmdar í byrjun næsta skólaárs, þann 1. september 1968. Þá verða liðnir ⅔ hlutar yfirstandandi fjárhagsárs, þannig að lækkun rekstrarútgjalda frá því, sem ella hefði orðið, hefur ekki áhrif á útgjöld árið 1968 nema sem því nemur. Þá er lagt til, að á árinu 1968 verði greiðslur úr ríkissjóði lækkaðar sérstaklega um 5 millj. kr. með því að nýta ekki að fullu heimild menntamálaráðuneytisins til þess að veita lán af geymdum fjárveitingum.

Í sambandi við athugun á aukinni hagkvæmni í rekstri skóla verður m. a. tekið til athugunar, hvort ekki geti verið hagkvæmt að sameina um húsnæði o. fl. Húsmæðraskóla Suðurlands og Húsmæðrakennaraskóla Íslands að Laugarvatni, svo og Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands í Reykjavík.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér verulega breytingu á skipulagi námsstjórnar, en gert er ráð fyrir, að framvegis verði meginþátturinn í starfi þeirra manna, sem munu vinna að þessum málum, fólgin í aðstoð við að koma á hagkvæmri skipulagningu kennslu o. fl. innan ramma hinna nýju skólakostnaðarlaga. Útgjalda-lækkun vegna þessarar skipulagsbreytingar er áætluð 2 040 þús. kr. á ársgrundvelli.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er frestað að koma á fót tveimur prófessorsembættum, öðru í lagadeild og hinu í heimspekideild. Er sparnaður af þessu miðað við fjárlög 1968 samtals 575 þús. kr.

Um 7. gr.

Með sameiningu þeirra stofnana og embætta, sem upp eru talin í þessari grein, er stefnt að því að koma á hagkvæmari vinnubrögðum í yfirstjórn menntamála. Slík endurskipulagning ætti auk þess að leiða til útgjaldalækkunar, en ekki hefur sú lækkun verið áætluð, þar sem óvist er, hvenær fæst húsnæði, er rúmar alla starfsemina.

Um 8. gr.

Verði heimild skv. þessari grein notuð, leiðir það til þess, að færri nýbýli verða stofnuð en verið hefur að undanförmu. Þróunin í landbúnaðarmálum hefur verið þannig hin síðari ár, að ekki er æskilegt að stuðla að stofnun nýbýla.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, sem er helmingur aflatryggingasjóðsgjalds af útfluttum sjávarafurðum,

verði á árinu 1968 þriðjungur gjaldsins. Það er ekki ætlunin að breyta reglum aflatryggingasjóðs með þessu ákvæði, heldur benda áætlanir um afkomu sjóðsins á árinu 1968 til þess, að sjóðurinn geti starfað eftir gildandi reglum, þótt framlag ríkissjóðs sé skert um 11 millj. kr. á þessu ári.

Um 10. gr.

Lagt er til, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við eyðingu á rottum verði lögð niður, en kostnaðurinn framvegis borinn af viðkomandi sveitarfélögum. Á fjárlögum 1968 er gert ráð fyrir 755 þús. kr. fjárveitingu til þessa málefnis, en þar sem kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er gerð upp eftir á, verður ekki um neinn sparnað að ræða fyrr en á árinu 1969.

Um 11. gr.

Póst- og símamálastjórnin hefur annast fyrirgreiðslu í sambandi við spari-merki og skyldusparnað svo og orlof gegn endurgreiðslu kostnaðar úr ríkissjóði. Lagt er til, að þessi fyrirgreiðsla verði framvegis innt af hendi án beinnar endurgreiðslu, enda nýtur póst- og símamálastjórnin verulegs hagræðis í formi vaxta-
lauss fjár, sem stofnunin hefur með höndum vegna þessarar starfsemi.

Um 12. gr.

Skv. lögum nr. 29/1964, um ferðamál, leggur ríkissjóður Ferðaskrifstofu ríkisins til minnst 500 þús. kr. árlega á fjárlögum til landkynningar. Á fjárlögum ársins 1968 er auk þess um að ræða 396 þús. kr. framlag eða samtals 896 þús. kr. Lagt er til, að hið árlega framlag til landkynningar falli niður og starfsemi stofnunarinnar verði miðuð við hallalausn rekstur í framtíðinni, enda hefur ferðaskrifstofan fengið sérstaka aðstöðu, m. a. á Keflavíkurflugvelli, í sambandi við minjagripasölu.